



Breyting á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og nýtt deiliskipulag

Grænn iðngarður við Kallhamar og stækkun athafnasvæðis við
Hamraenda

Lýsing skipulagsverkefnis

Nóvember 2022

22352

https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_33/Project1916/Documents/Skipulagslýsing/22352_skipulagslýsingdocx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
01	17.11.2022	HTT	KÞ	

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:

Stykkishólmur og Helgafellssveit
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmi

Efnisyfirlit

1	Lýsing skipulagsverkefnis	3
1.1	Viðfangsefni og forsendur	3
1.2	Skipulagssvæðið	4
1.2.1	<i>Staðhættir</i>	4
2	Skipulagsforsendur – gildandi stefna	5
2.1	Svæðisskipulag Snæfellsness 2014 – 2026	5
2.2	Aðalskipulag Stykkishólms 2002 – 2022	6
2.2.1	<i>Staðsetning breytingasvæða á gildandi aðalskipulagi</i>	6
2.2.2	<i>Núverandi landnotkun og stefna á breytingarsvæðum</i>	7
2.3	Deiliskipulag	8
2.4	Aðrar áætlanir og markmið	8
2.4.1	<i>Lög um verndun Breiðarfjarðar</i>	8
2.4.2	<i>Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun (samþykkt 2. október 2018)</i>	9
3	Aðalskipulagsbreyting – viðfangsefni og áherslur	9
4	Nýtt deiliskipulag – viðfangsefni og áherslur	10
5	Umhverfismat	10
5.1	Áhrifa- og umhverfisþættir til mats	11
5.2	Málsmeðferð, kynning og samráð	12
5.2.1	<i>Umsagnaraðilar</i>	12
5.2.2	<i>Athugasemdir við lýsingu skipulagsverkefnis</i>	12
5.3	Verk og tímaáætlun	12

1 Lýsing skipulagsverkefnis

1.1 Viðfangsefni og forsendur

Í eftirfarandi skipulagslýsingu verður gerð grein fyrir áherslum sveitarfélagsins er varðar breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 vegna tillögu að nýju athafnasvæði við Kallhamar (A5) ásamt hafnaraðstöðu og stækkun athafnasvæðis við Hamraenda (A1) skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með vísun í 36. gr. laganna og kafla 4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Tilgangur breytingarinnar er að mæta eftirspurn eftir atvinnulóðum m.a. í tengslum við áform um nýtingu þara og sjávargróðurs, sem hefur verið til athugunar um nokkurt skeið. Þá liggja fyrir fjölmörg önnur tækifæri til sjálfbærrar atvinnusköpunar. Á athafnasvæði A5 verður lögð áhersla á svæðisbundna styrkleika svæðisins til aukinnar atvinnusköpunar og sjávarútvegstengdan iðnað og nýsköpun á því sviði, m.a. sjálfbærra nýtingu sjávarfangs og annarra auðlinda í og við Breiðafjörð.

Árið 2019 lá fyrir skýrsla ráðgjafarnefndar vegna áhuga á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi.¹ Á grunni skýrslunnar var um miðjan júní 2021 undirrituð viljayfirlýsing Acadian Seaplants Ltd., Stykkishólmsbæjar, Veitna ohf. og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis „um samstarf og samvinnu við að koma á laggirnar sjálfbærum iðnaði í Stykkishólmi sem nýtt geti á sjálfbæran hátt jarðvarma og þara/sjávargróður úr Breiðafirði, á vísindalegum grunni, með sem minnstum áhrifum á umhverfið, en jákvæðum efnahagslegum- og félagslegum áhrifum fyrir samfélagið á svæðinu við Breiðafjörð. Um er að ræða söfnun og vinnslu á þara og sjávargróðri og fullvinnslu vörutegunda úr hráefninu.“

Með hliðsjón af þessum áformum þarf að breyta stefnu sveitarfélagsins um athafnasvæði eins og hún er sett fram í aðalskipulagi, þ.e. afmarka svæðin, skilgreina lóðir og ákvæði um starfsemi innan þeirra, skilgreina byggingarheimildir o.fl.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að móta stefnu um nýjan grænan iðngarð við Kallhamar (A5) og stækkun á athafnasvæði við Hamraenda (A1). Í grænum iðngarði er áhersla lögð á samstarfsnet fyrirtækja sem felst meðal annars í fjölnýtingu auðlinda; þannig getur úrgangur eins fyrirtækis nýst sem hráefni fyrir annað fyrirtæki á svæðinu (sjá nánar um grænan iðngarð í kafla 3). Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður unnin og kynnt tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Kallhamarssvæðið og Hamraenda.

Megin viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar eru að:

- Skilgreina nýtt athafnasvæði (A5) við Kallhamar, sem er suðvestur af flugvöllinum í Stykkishólmi á svæði sem nú er skilgreint sem óbyggt svæði í aðalskipulagi.
- Í tengslum við nýtt athafnasvæði við Kallhamar (A5) verður mótuð tillaga að hafnaraðstöðu (bryggju).
- Stækka núverandi athafnasvæði (A1) við Hamraenda norðvestan flugvallarins.
- Endurskoða og breyta lengd flugbrautar og helgunarsvæðis hennar í samráði við ISAVIA vegna fyrirhugaðra landnotkunarbreytinga í grennd við flugvöllinn.

¹ Stykkishólmsbær 2019. [Skýrsla ráðgjafarnefndar vegna áhuga á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamistöð þangs í Stykkishólmi.](#)

Tillaga að breytingu aðalskipulags er unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður unnið að tillögu að deiliskipulagi athafnasvæðisins við Kallhamar (A5) og hafnaraðstöðu. Gert er ráð fyrir að athafnasvæðið við Hamraenda (A1) verði útfært í sjálfstæðu deiliskipulagi. Gerð er grein fyrir umfangi og áherslum við gerð deiliskipulags í 4. kafla.

1.2 Skipulagssvæðið

Svæðin sem breyting tekur til er sýnd á mynd 1-1. Annars vegar er um að ræða svæði sem verður athafnasvæði A5 sem nær frá suðvesturenda flugbrautar að iðnaðarsvæði (I2) þar sem fer fram urðun óvirks úrgangs og hins vegar stækkun á núverandi athafnasvæði við Hamraenda (A1). Bæði svæðin eru í eigu sveitarfélagsins.




Mynd 1-1 Staðsetning breytinga merkt gulum hringjum loftmyndakort. Heimild: Skipulagsvefsjá Skipulagstofnunar.

1.2.1 Staðhættir

Í dag eru bæði breytingarsvæðin skilgreind sem „óbyggð svæði“ í aðalskipulagi. Landslag þar er fremur mishæðótt með klapparásam. Í lægðum á milli ásanna er mólendi og moslendi með fjölbreyttum votlendisvistgerðum, sem sumar eru taldar vera með hátt eða miðlungs verndargildi skv. vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands þar með talið starungamýrarvist (appelsínugult á kortinu) með hátt verndargildi og lyngmóavist á láglandi (gult á korti) með miðlungs verndargildi og er á lista Bernarsamningsins um vistgerðir sem þarfnast verndar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016).²

² <https://vistgerdakort.ni.is/>



Mynd 1-2 Vistgerðakort N.Í. Skipulagsvæði merkt með rauðum hringjum.

2 Skipulagsforsendur – gildandi stefna

2.1 Svæðisskipulag Snæfellsness 2014 – 2026

Svæðisskipulagið byggir á sex leiðarljósum sem lýsa meginhugmyndafræði svæðisskipulagsins „þ.e. að örva megi atvinnulífið og efla samfélagið á Snæfellsnesi með frumkvæði og samvinnu, aðgengilegum upplýsingum um auðlindir og sérkenni svæðisins, skýrum skilaboðum um hvað svæðið stendur fyrir, góðum samgöngu- og fjarskiptakerfum, ábyrgri stjórnun auðlinda og eflingu atvinnulífs sem byggir á sérkennum svæðisins.“

Svæðisskipulagið markar stefnu um sex megin þemu og undir hverju sértæk markmið.

ÞEMU		
snæfellsk LÍFSGÆÐI	Búsetuskilyrði	Skólar
	Menningarlíf	Lýðheilsa
snæfellskt LANDSLAG	Þjóðgarður	Líffræðileg fjölbr.
	Jarðfræðileg fjölbr.	Sveitir og bæir
snæfellskur MATUR	Matarmenning	Landún.vörur
	Sjávarfang	Annað hráefni
snæfellskur IÐNAÐUR	Upplýsingaiðnaður	Framleiðsluiðn.
	Skapandi greinar	Mannvirkjagerð
snæfellskt FERDALAG	Staðarandi , gæði	Ferðaleiðir
	Lykilþemu	Grunngerð
snæfellsk GRUNNGERÐ	Vegir, stígar, alm.sg.	Fjarskipti, veitur
	Hafnir, flugvöllir	Stjórnun

Þau sex þemu sem mörkuð er stefna um

Mynd 2-1 Málaflokkar svæðisskipulags í kaflanum Áætlun til sóknar.

Meðal markmiða svæðisskipulags sem varða fyrirhugaða skipulagsbreytingu eru:

- **A8** Tækifæri til atvinnuþróunar, sem felast í fjölbreyttu lífríki svæðisins, nýtist sem best.
- **A22** Auðlindir svæðisins séu nýttar enn frekar til ýmiss konar framleiðslu. Leiðir að markmiði:
- **A22.1** Meta möguleika á að nýta vatn, þörunga og fleiri auðlindir og þróa verkefni á grunni þess.
- **A15** Snæfellskt hráefni sé nýtt enn frekar til ýmiss konar matvælaframleiðslu.
- **U4** Nýting vatns, jarðefna, gróðurs og annarra náttúruauðlinda sé með sjálfbærum hætti.
- **U1** Byggð í þéttbýli og dreifbýli þjóni íbúum sem best um leið og hún er áhugaverð fyrir ferðamenn.
- **U13** Mótun umhverfis og mannvirkjagerð sé vönduð og taki mið af og styrki sérkenni og staðaranda Snæfellsness. Umgengni sé snyrtileg.

Áform um nýtingu og vinnslu þara og sjávargróðurs á Stykkishólmi samrýmast vel meginmarkmiðum svæðisskipulagsins um auðlindanýtingu og nýsköpun.

Við útfærslu athafnasvæða í deiliskipulagi verður tekið mið af verndarsjónarmiðum og markmiðum svæðisskipulags um góða ásýnd og umgengni.

2.2 Aðalskipulag Stykkishólms 2002 – 2022


Í gildandi aðalskipulagi setur sveitarfélag fram stefnu um landnotkun, byggðamynstur og þróun byggðar, samgöngur, þjónustusvæði, umhverfismál, náttúruvernd, vernd menningarminja o.fl.

Í almennum markmiðum í aðalskipulagsins segir m.a. að „[m]eð skipulaginu [sé] leitast við að stuðla að eflingu atvinnulífs, mannlífs og byggðar í sveitarfélaginu“, að „[t]ekið [sé] mið af núverandi atvinnulífi og leitast við að skapa því skilyrði til vaxtar og viðgangs ásamt nýsköpun í atvinnumálum“ og að [s]tefnt sé að því að auka fjölbreytni í atvinnulífinu...“

Í aðalskipulaginu er markmiðið að hafa tiltæk athafnasvæði fyrir sem fjölbreyttasta atvinnustarfsemi. Stefnt er að enn betri nýtingu núverandi hafnar- og athafnasvæða og verða svæðin deiliskipulögð með tilliti til nýtingu svæðanna, hagkvæmni, landslags og aðlögunar að bæjarmyndinni.

2.2.1 Staðsetning breytingarsvæða á gildandi aðalskipulagi

Á mynd 2-2 og 2-3 sést staðsetning breytinga á þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdráttum Aðalskipulags Stykkishólms 2002-2022. Breytingarsvæðið suðvestan flugbrautar er tekur er að mestu innan þéttbýlismarka, þ.e. á þéttbýlisuppdrætti, en nær að hluta inn á sveitarfélagsuppdrátt aðalskipulags.



Mynd 2-2 Fyrirhuguð breytingarsvæði við Hamraenda (norðaustan flugbrautar) og Kallhamra (suðvestan flugbrautar) sýnd á þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Stykkishólms 2002-2022.



Mynd 2-3 Breytingarsvæðið við Kallhamar sýnt á sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Stykkishólms 2002-2022 en það nær yfir óbyggt svæði að iðnaðarsvæði 1-2 við Kallhamar.

2.2.2 Núverandi landnotkun og stefna á breytingarsvæðum

Athafnasvæði A1 við Hamraenda er lýst sem viðkvæmu svæði hvað á sýnd varðar. „Það er að mestu opið fyrir umferð til bæjarins og því eðlilegt að í deiliskipulagi verði settar kvaðir varðandi útlit og girðing. Hér er fyrst og fremst hugsað um starfsemi sem hefur snýrtillega á sýnd.“

Landnotkun á athafnasvæðum er í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skilgreind á eftirfarandi hátt: „Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.“

Óbyggð svæði. Ekki er sett fram sértæk stefna um óbyggð svæði í aðalskipulaginu. Landnotkun á óbyggðum svæðum er í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skilgreind á eftirfarandi hátt: „Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.“

Flugvöllur

Í kafla 2.8 Samgöngumál segir um flugvöllinn: „Ekki eru neinar reglulegar flugsamgöngur við Stykkishólm. Flugvöllurinn gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi sjúkraflug.“

Í kafla 3.3.9 Gatnakerfi og umferð er gerð grein fyrir flugvellinum og öryggissvæði hans, sbr: „Flugvöllurinn er óbreyttur og um hann gilda takmarkanir skv. fyrirmælum flugmálastjórnar. Flugbrautin er 1.120 m löng og 33 m breið. Umhverfis hana er öryggissvæði sem er 150 m að breidd og 60 m frá hvorum enda.“ Einnig er skilgreindur hindrunarflötum flugbrautar til hliðar og út frá flugbrautarendum.

Reiðleið milli A1 og flugvallar. Í aðalskipulagi er ekki fjallað sérstaklega um reiðleiðir, en sett fram almenn stefna um hestamennsku og „að skapa sem hagstæðust skilyrði fyrir hestamenn. Hesthúsin verða áfram upp af Fúlúvík.“

Skráðar minjar. Í grennd við breytingarsvæðið við Hamraenda eru skráðar tvær minjar með hátt verndargildi og við ströndina við Kallhamar eru fjórar skráðar minjar með hátt verndargildi, sbr. fyrirbyggjandi fornleifakráningu í Stykkishólmi.³

- Nr. 54 Skálarúst?
- Nr. 55 Garður.
- Nr. 56 Bæjarstæði.
- Nr. 57 Grjótbyrgi og garðbrot.
- Nr. 59 Naust.
- Nr. 60 Sjóbúð? og bæjarstæði.

Umhverfis friðaðar minjar er 15 m friðhelgað svæði þar sem hvers konar röskun og framkvæmdir eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands, sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr.80/2012.

Minjarnar eru allar staðsettar í jaðri eða utan svæða sem fyrirhugað er að afmarka sem athafnasvæði. Við deiliskipulag verður sérstaklega gætt að minjunum og helgunarsvæðum þeirra.

2.3 Deiliskipulag

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðin sem tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að nýju deiliskipulagi fyrr Kallahamar og Hamraenda taka til.

2.4 Aðrar áætlanir og markmið

2.4.1 Lög um verndun Breiðarfjarðar

Skipulagssvæðið liggur að sjó og er á verndarsvæði Breiðarfjarðar sbr. lög um vernd

³ Þjóðminjasafn Íslands 1987/2005: [Fornleifaskráning í Stykkishólmi](#). Ágúst Ólafur Georgsson

Breiðafjarðar nr. 54/1995. Í Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019⁴ eru tilgreindir þættir sem Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að vernda (kafli 1.2 Hvað ber að vernda):

- Landslag og landslagsheildir.
- Einstakar jarðmyndanir.
- Svæði innan verndarsvæðisins þar sem finna má óvenjulega mikið lífmagn, fjölbreytileika lífvera og/eða búsvæði sjaldgæfra tegunda.
- Einstakar tegundir lífvera sem eru undirstaða í fæðukeðju, ábyrgðartegundir Íslendinga, eða sjaldgæfar tegundir á lands- og/eða heimsvísu.
- Menningarminjar.
- Þjóðhættir. Skráning þjóðhátta er aðkallandi þar sem búseta í eyjum er sífellt að minnka.
- Menningar- og búsetulandslag.
- Lýðfræði. Hinn sérstaki eyjabúskapur. Breytingar á íbúamynstri.

Leitast verður við að samræma tillögu þessa að breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 að markmiðum Verndaráætlunar Breiðafjarðar 2014-2019 er varða tilmæli og leiðbeiningar um ofangreind atriði.

2.4.2 **Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun (samþykkt 2. október 2018)⁵**

Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfis-, menningar-, samfélags og efnahagslegu tilliti. Með undirritun skjalsins, skuldbundu sveitafélagin sig til þess „að hafa græn gildi að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni. Þau beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetja fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína í átt að sjálfbærri þróun.“

3 **Aðalskipulagsbreyting – viðfangsefni og áherslur**

Markmið breytingar er að móta stefnu um *grænan iðngarð* með hugmyndafræði um hringrásarhagkerfi að leiðarljósi. Í því fellst áhersla á fullnýtingu afurða og sköpun nýrra afurða úr hráefni, sem fellur til sem úrgangur eða aukaafurð í annarri framleiðslu. Með því má draga úr sóun, t.d. flutningsþörf, og stuðla að verðmætasköpun og velsæld án þess að ganga frekar á náttúruna. Í grænum iðngarði verður til samstarfsnet fyrirtækja sem felst meðal annars í fjölnýtingu auðlinda; þannig getur úrgangur eins fyrirtækis nýst sem hráefni fyrir annað fyrirtæki á svæðinu. Einkenni græns iðngarðs er að þau fyrirtæki sem þar eru deila sömu framtíðarsýn og fylgja sömu stefnu. Aðilar innan hans geta öðlast aukna samkeppnishæfni á grundvelli samstarfs, samnýtingar innviða og með fjölnýtingu auðlinda.

Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar eru:

- Að afmarka nýtt athafnasvæði (A5) á svæði við Kallhamar, suðvestur af flugvelliðum í Stykkishólmi, þar sem nú er óbyggt svæði í aðalskipulagi. Setja um svæðið skipulagsákvæði sem styðja við um þróun græns iðngarðs.

⁴ Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019

⁵ Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun, 2. október 2018

- Setja fram tillögu að hafnaraðstöðu í tengslum við athafnasvæði Kallhamars og ákvæði um stærð hafnar og staðsetningu við Kallhamar í samráði við hafnardeild Vegagerðarinnar.
- Stækka núverandi athafnasvæði við Hamraenda (A1), sem nú er að stórum hluta uppbyggt, fyrir nýjar lóðir undir fjölbreytta atvinnustarfsemi.
- Endurskoða lengd flugbrautar og helgunarsvæðis hennar í samráði við ISAVIA vegna fyrirhugaðra landnotkunarbreytinga í grennd við flugvöllinn.

4 Nýtt deiliskipulag – viðfangsefni og áherslur

Í tillögu að deiliskipulagi verður byggt á framangreindri stefnu sveitarfélagsins og áherslum og skilmálum þeim sem fjallað er um í kaflanum hér að framan um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 er varðar nýtt athafnasvæði (A5) við Kallhamar sunnan flugvallar og þróun græns iðngarðs.

Í deiliskipulagstillögu verður svæðið nánar útfært, lóðir afmarkaðar og byggingareitir, gerð grein fyrir byggingarheimildum, byggingum og framkvæmdum, samgöngum, veitum og mengunarvörnum og öðrum viðeigandi þáttum til grundvallar útgáfu leyfa til bygginga og framkvæmda á svæðinu.

Við skilmálagarð og útfærslu verður leitast við að ná markmiðum um góða ásýnd svæðis, að byggingar falli vel að umhverfinu og frágangur lóða verði til fyrirmyndar.

Áhersla verður lögð á að tryggja að uppbygging og starfsemi hafi sem minnst áhrif á umhverfið með viðeigandi kröfum um fráveitu, meðhöndlun úrgangs og mengunarvarnir.

Gert er ráð fyrir að stækkað athafnasvæðið við Hamraenda (A1) verði útfært nánar í sjálfstæðu deiliskipulagi í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

5 Umhverfismat

Aðalskipulagsbreyting

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og verður unnið umhverfismat fyrir breytingartillöguna samkvæmt kröfum laganna.

Deiliskipulag

Áform um nýtingu þara og sjávargróðurs við Kallhamar kunna að fela í sér tilkynningarskylda framkvæmd í flokki B, sbr. lið 7.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tafla 5-1 Úr 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Töluliður	Flokkur framkvæmda	A	B
7.02	Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum þar sem gólfblötur bygginga er a.m.k. 1.000 m ² .		X

Við gerð deiliskipulags verða metin áhrif þess á umhverfið og gerð grein fyrir þeim í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar og ef við á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

5.1 Áhrifa- og umhverfisþættir til mats

Nýtt athafnasvæði og stækkun athafnasvæðisins við Hamraenda felur í sér uppbyggingu og atvinnustarfsemi á svæði sem nú er að mestu óbyggt land og liggur að strönd og verndarsvæði Breiðafjarðar. Skipulagssvæðið liggur einnig að núverandi flugbraut og mun hafa bein áhrif á hana. Atvinnustarfsemi getur haft í för mór sér hávaða eða ónæði, svo sem vegna umferðar með afurðir eða aðföng.

Umhverfisþættir

Við mat á umhverfisáhrifum tillögu að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulags verður lagt mat á eftirtalda umhverfisþætti:

- Náttúrufar (vistgerðir)
- Landslag (ásýnd svæðis)
- Menningarminjar
- Landnotkun og verndun
- Loftgæði og hljóðvist

Viðmið og gögn

Til grundavallar mati á áhrifum tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður einkum stuðst við viðmið og markmið í gildandi svæðis- og aðalskipulagi ásamt öðrum stefnuskjölum, auk viðmiða í lögum og reglugerðum, sbr. umfjöllun í 2. kafla um skipulagsforsendur. Helstu viðmið eru eftirtalin

- Svæðisskipulag Snæfellsness 2014 – 2026.
- Aðalskipulag Stykkishólmsbæjar 2002-2022, einkum leiðarljós og markmið aðalskipulagsins um atvinnulíf og verndun.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. 61. gr. um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.
- Lög vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.
- Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019.
- Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Vægismat umhverfisáhrifa

Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum verður lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkun umhverfisáhrifa verður eftirfarandi:

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Í umhverfisskýrslu verður farið yfir rökstuðning fyrir vægismati hvers umhverfispáttar og lagðar til mótvægisáðgerðir og vöktun eftir því sem við á.

Stefnukostir til samanburðar

Við vinnslu tillögu að aðalskipulagsbreytingu verða borin saman áhrif breytingartillögu á umhverfið og til samanburðar líkleg áhrif gildandi stefnu aðalskipulags.

5.2 Málsmeðferð, kynning og samráð

Breytingar á aðalskipulagi falla undir 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og verður samráð og kynning fyrir almenning, íbúum og helstu umsagnaraðilum í samræmi við 31. gr. skipulagslaganna.

Öll gögn skipulagsbreytinga verða aðgengileg á heimasíðu sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar: <https://www.stykkisholmur.is/>

Gert er ráð fyrir að tillaga að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagstillögur verði unnar og kynntar skv. verk- og tímaáætlun hér fyrir neðan (5.3).

5.2.1 Umsagnaraðilar

Helstu umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Breiðafjarðarnefnd
- ISAVIA
- Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness

5.2.2 Athugasemdir við lýsingu skipulagsverkefnis

Ábendingar og athugasemdir skulu berast skriflega til Kristínar Þorleifsdóttur, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsmála, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi eða í tölvupósti á skipulag@stykkisholmur.is

5.3 Verk og tímaáætlun

Stefnt er að því að helstu áfangar í skipulagsferlinu verði sem hér segir:

- **Nóvember 2022** Skipulagslýsing auglýst og send til umsagnar.
- **Janúar – maí 2023.** Samtöl við hagaðila og íbúa og mörkun atvinnustefnu skipulagssvæða.
- **Júní 2023.** Tillaga að breytingu aðalskipulags til afgreiðslu í bæjarstjórn og í kjölfarið til auglýsingar.
- **Júlí – september 2023.** Úrvinnsla aðalskipulagsbreytingar eftir kynningu.
- **September 2023.** Tillögur að deiliskipulagi til afgreiðslu í bæjarstjórn og auglýstar með athugasemdarfresti.
- **Október – nóvember 2023.** Úrvinnsla úr athugasemdum og ábendingum. Endanleg afgreiðsla sveitarstjórnar.
- **Janúar – febrúar 2024.** Yfirferð Skipulagsstofnunar, staðfesting aðalskipulagsbreytingar og gildistaka deiliskipulags.